


Atvinnustefna Mosfellsbæjar 2023-2030

ásamt aðgerðaáætlun 2023-2026

September 2023



Framtíðarsýn

„Mosfellsbær er eftirsóknarverður fyrir framsækin fyrirtæki þar sem stutt er við skapandi greinar, vistvæna framleiðslu, menningartengda ferðaþjónustu og heilsueflandi starfsemi.“

Atvinnustefna Mosfellsbæjar

Öflug markaðssetning

Fjölbreytni atvinnulífs
og fjölgun starfa

Aukið vægi ferðapjónustu

Öflug upplýsingamiðlun

Skýrir og styðjandi
verkferlar

Aukið vægi heilsutengdrar
atvinnustarfsemi

Stuðningur við skapandi greinar
og menningarstarfsemi

Efling vistvænnar ylræktar

Öflug markaðssetning sveitarfélagsins og kynning á möguleikum til atvinnuuppbyggingar í Mosfellsbæ

Aðgerðir:

- Setja upp markaðsáætlun fyrir sveitarfélagið og laða fyrirtæki til samstarfs og uppbyggingar í Mosfellsbæ.
- Skilgreina ábyrgðaraðila vegna markaðssetningar atvinnuuppbyggingar.
- Uppfæra reglulega allar upplýsingar sem skipta atvinnulífð máli og gera þær aðgengilegar á vef sveitarfélagsins.
- Skilgreina ábyrgðaraðila í stjórnarsýslunni til að halda utan um samskipti og skipulag atvinnutengdra verkefna.
- Sveitarfélagið haf frumkvæði að því að laða fyrirtæki til sveitarfélagsins.



Öflug upplýsingamiðlun sem nýtist við uppbyggingu atvinnulífs í Mosfellsbæ

Aðgerðir:

- Hafa ávallt nægjanlegt framboð atvinnulóða og atvinnulóðir samkvæmt skipulagi fyrir ólík fyrirtæki.
- Hafa lista yfir fyrirtæki og þjónustuframboð í sveitarfélaginu sýnilegan á vefnum.
- Hafa upplýsingar um framboð atvinnulóða og atvinnulóðir samkvæmt skipulagi aðgengilegar á vef bæjarins.
- Skilgreina hvaða upplýsingar eru mikilvægar fyrir fyrirtæki þegar þau velja sér staðsetningu.
- Skilgreindar atvinnulóðir og atvinnusvæði samkvæmt aðalskipulagi verði nýttar sem slíkar.
- Bærinn miðli, upplýsi og leiðbeini um ýmis leyf sem þarf að sækja um tengt atvinnurekstri, s.s. heilbrigðiseftirliti og byggingum.



Verkferlar innan sveitarfélagsins eru skýrir og styðja við þá sem leita til sveitarfélagsins

Aðgerðir:

Setja upp skýra verkferla vegna móttöku fyrirspurna um mögulegt húsnæði fyrir atvinnuuppbyggingu í Mosfellsbæ.

Í því felst meðal annars:

- hvert skal senda fyrirspurn
- hver tekur við fyrirspurn
- kalla eftir nauðsynlegum gögnum frá fyrirtæki
- kynningar innan sveitarfélagsins



Til staðar verði stuðningur við skapandi greinar og menningarstarfsemi

Aðgerðir:

- Kortleggja nánar tækifæri til atvinnuuppbyggingar í tengslum við menningarstarfsemi og skapandi greinar í sveitarfélaginu.
- Skilgreina uppbyggingu atvinnu og menningar í Álafosskvos í samvinnu við íbúasamtök Álafosskvosar og aðra hagsmunaaðila.
- Auka nýtingu Hlégarðs. Sérstaklega verði kortlagt hvort og þá hvernig væri unnt að nýta efri hæð hússins fyrir sköpun og menningarstarfsemi.



Aukin fjölbreytni atvinnulífs í Mosfellsbæ og fjölgun starfa

Aðgerðir:

- Þróun samvinnu milli atvinnulífs, skóla og sveitarfélagsins til að efla nýsköpun.
- Stuðningur við verkefni á sviði nýsköpunar og öflugt samtal við atvinnulífð.



Aukið vægi ferðapjónustu sem atvinnugreinar innan Mosfellsbæjar

Aðgerðir:

- Skipuleggja svæði fyrir hótél og veitingastaði í Mosfellsbæ í tengslum við útivistarsvæði og útsýnisstaði.
- Tryggja að markaðssetningu Mosfellsbæjar sé fylgt eftir hjá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.
- Tengja saman ferðapjónustufyrirtæki í Mosfellsbæ og byggja þar upp ferðapjónustuklasa.
- Greina og meta tækifæri til að byggja upp ferðapjónustu í kringum menningarstarfsemi bæjarins, heilsueflingu og nálægð við náttúru.



Aukið vægi heilsutengdrar atvinnustarfsemi

Aðgerðir:

- Búa til faghóp vegna heilsutengdrar atvinnustarfsemi sem aðstoðar sveitarfélagið í kortlagningu tækifæra innan sveitarfélagsins.
- Hraða vinnu við uppbyggingu í þágu farsældar barna á Skálatúnsreitnum í samvinnu við ríkið og félagasamtök og hún tímasett.



Efling vistvænnar ylræktar

Aðgerðir:

- Skipuleggja landbúnaðarsvæði með áherslu á sjálfbærni á eignarlandi bæjarins og úthluta þeim til fyrirtækja í lok árs 2024.
- Vinna að þróunarverkefnum um vistvæna ræktun sem verði sérstaða uppbyggingarinnar.
- Leiða saman frumkvöðla á sviði ylræktar og þróa í samvinnu við þá hugmyndafræði eða útfærslu á uppbyggingaráformum sem fellur að þörfum greinarinnar með áherslu á sjálfbærni.

